

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar  
kiwanis.is

**Kiwanis er vinátta – Kiwanis er kraftur**

## **Fundargerð svæðisráðsfundar Sögu**

**9 nóvember 2013, kl: 14:00, Framsóknarhúsinu Selfossi**

Fundur settur kl. 14:00 með kynningu og síða lestri fundargerðar síðasta fundar sem Sigurður Skarphéðinsson forseti Mosfells (fráfarandi svæðis ráðsritari) las, og var samþykkt án athugasemda. Skýrslur allra klúbba annarra en Ölvers höfðu verið for senda og fundamenn búnir að kynna sér fyrir fund en Árni Baldur Ólafsson Ölveri las skýrslu Ölvers fyrir fundar menn.

Geir Þorsteinsson fór yfir stöðu klubbanna og kom fram að í klúbbum á höfuðborgar svæðinu hefur fækkað en aðrir klúbbar haldið sínu eða fjölgað. Dröfn Sveinsdóttir umdæmisstjóri lýsti ánægju sinni með þetta fyrirkomulag á svæðisráðs fundum að lát fundar menn lesa skýrslurnar sjálfa fyrir fram og nota fundinn til málefnalegrar umræðu þess í stað. Geir lýsti ánægju með stækkun svæðisins og taldi mjög jákvæða reynslu af því. Sigurður Mosfelli, sagði frá svæðisráðsfundi í gamla svæðinu en þá voru þeir með Siglufirðingum í svæði, en þeir höfðu þrælað sér á Siglufjörð um há vetur þar voru lesna skýrslur drukkið kaffi og lagt í hann til baka klukkutíma síðar. Sigurður sagði fækkun í Mosfelli vera klaufaskap að kenna, menn hefðu einfaldlega setið í sama fari og ekki hugsað út fyrir rammann. Ragnar Ragnarsson forseti Helgafells áréttaði að Kiwanis skipti máli í samfélaginu og að á síðustu 7 árum hefur Helgafell styrkt ýmis góð verkefni um 22 millj. Ágúst Magússon Búrfelli taldi fræðslu ekki næga og sagði að til hefði staðið að bæta úr því á svæðisráðsfundi. Geir taldi að farsælast væri að að hafa hæfilega blöndu að skemmtun og alvöru. Stefán Jónsson forseti Ölvers að þeir Ölvers menn væru að taka á móti 40 manns í gesta heimsókn á næstunni og boðaði breytinga í sínum klúbb til að léttu andrúmsloftið. Haukur Sveinbjörnsson forseti Ós hvernig hann endurreisti Ós með því að taka af fundum fjármála og félagsmála þref og færa það til stjórnar og nefnda sem síðan gefa klúbbfélögum skýrslu. Haukur reifaði hvernig Ós hafði verið aðili að Humarhátíð á Höfn sem gaf vel í aðra hönd en fór illa með andann í klúbbum, olli fækkun, vegna vinnuálags, og hvernig Ós félagar væru búnir að búa til nýja fjáröflun svo kallað Grodda kvöld þar sem menn éta feita sauði og hrossakjöt (og skola því niður), en Haukur er fróður bæði um brúkun og matarverkun hrossa. Sigurður fræddi okkur um að árlegri sviðaveislu Mosfells hafi verið aflýst vegna ónógrar þáttöku, og falaðist eftir ráðgjöf hjá Hauki í veisluhaldi. Ágúst tali Grodda kvöldið áhugavert en tók þá fram á aður fyrr hefðu sumir þurft að velja um að segja sig til sveitar eða eta hrossakjöt. Og talaði um að nýta mætti fjárfunda tækni til að lækka kostnað og spara tíma. Birgir Sveinsson ritari Helgafells spurði hvort vitað væri hvað staði fyrir því að yngri félagarir í Mosfelli hefðu hætt, Þá reifaði hann fræðslu málin og taldi að oftar væri það að mennirnir sem mest þyrftu á fræðslu að halda væru ekki á þingi í fræðslu, oft væru þeir sem væru að ljúka vaktinni frekar en þeir sem taka við á þingi og fræðslu. Helgafell hefur þann háttinn á að alla ákvarðanir eru teknar í stjórn og nefndum, en taldi að í mörgum tilvikum væri æskilegt að kjörtímabil embættis manna væri 2 ár og forsetaefni þyrfti að hafa setið í stjórn klúbbs til að vera kjörgengur. Bigir bað menn að lokum að spyja ekki hvað klúbburinn getur gert fyrir þig heldur hvað þú getur gert fyrir klúbbin.

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar  
kiwanis.is

## Kiwanis er vinátta – Kiwanis er kraftur

Gert var Kaffihlé og nutu fundar menn veitinga í boði Búrfells.

Sigurður Mosfelli sagði yngri félaganna sennilega hafa hætt vegna kostnaðar og dofnandi áhuga.

Einnig taldi hann fræðslu of ómarkvissa og 2 ára kjör væri til bóta.

Stefán Ölveri taldi ekki endilega þörf á lengra kjörtímabili, þar sem koma má í veg fyrir U beygjur með vönduðu vali á kjörforseta. Óskar Arason forseti Eldfells telur að þrátt fyrir mikil afföll sé klúbburinn sterkur þar sem eftir er harður kjarni, kjörforsetinn er aðeins 30 og tilvonandi kjörforseti á svipuðu reki, halda þurfi vel um yngri fjölskyldu mennina í hreyfingunni, og mikilvægt sé að fundirnir séu léttir og skemmtilegir þó að sjálfsögðu séu fundarsköp. Ragnar Helgafelli taldi sína reynslu styðja orð Birgis um stjórnarsetu sem grunn að kjörforseta.

Þá er liðnum umræður um skýrslur lokið

Dröfn umdæmisstjóri flutti ávarp. þar sem fram kom.

Á fundi í Belgíu haf verið lík umræða um þróun og fjölgun og hér á fundinum. Gagnagrunnur (rafræna félagatalið) umdæmisins mun á næstunni sameinaður í alþjóðlega gagnagrunninn og er það á ábyrgð klúbbanna að við halda upplýsingum um féлага heimilis og netföng, en þessi grunnur er grunnur að öllum póstsendingum á vegum umdæmisins bæði rafrænum og bréfa pósti. Samkvæmt féлага tali voru 935 félgar í umdæminu í haust en fóru niður í 905 er eru nú þegar fundurinn er haldinn 908. Húnæðið á Bíldshöfða hefur tekið breytingum og er nærri tilbúið til notkunar. Sagði frá rafrænum mælingum og viðurkenningum sem senda má rafrænt.

Önnur mál:

Birgir taldi ekki rétta ð nota það sem kynningu á hreyfingunni að Kiwanis menn gengju ekki í hús þar sem Helga fell safar einmitt 2 milljónum árlega með þeirri aðferð sem einnig er þeirra stærsta einstaka fjáröflun. Einni hvort ekki hafi staðið til að minnka kostnað við útgáfu hvítbókarinnar.

Geir spurði umdæmis stjóra hvort ekki væru kostnaðar áætlanir vegna húss Kiwanis og hvernig það liti út fjárhagslega.

Stefán Ölver hrósaði nýju klúbbalögunum.

Dröfn segir hvítu bókina vera mörgum mikilvægari en Biblían og telur að ekki verði undan því komist að gefa hann út eitthvað áfram en tekist hefur að ná kostnaði við hana nokkuð niður. Kiwanis húsið er með kostnaðar áætlun upp á að greiða enga vinnu og fá efni á betu kjörum en það lítur vel út þar sem Kiwanis menn eru ansi víða og hafast margt að.

A ætlað er að reka húsið með útleigu salarins og er búið að fá konu til að sjá um það. Klúbbar sem halda fundi borga 15 þús á mánuði, allir Kiwanis félagar geta leigt salinn fyrir 15 þús. 1 sinni á ári en almenn leiga er 30 þúsund. Stefán Ós spurði hvort einhverjar breytingar hafi verið á erlendum gjöldum, Dröfn sagð það ekki vera annað en gengis breytinga síðustu 3 ár.

Geir óskaði eftir fulltrúa fyrir Sögusvæði í hjálma nefnd, og var hann á reiðum höndum hjá Eldfelli en Jónas Hreinsson Eldfelli verður fulltrúi Sögu þar. Þá kynnti Geir skýrslu fjölgunar nefndar og hrósaði klúbbum fyrir öflugt starf og taldi góðan starfs vetur í vændum.

Fundi slitið 16:15

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar  
kiwanis.is

**Kiwanis er vinátta – Kiwanis er kraftur**

Mættir voru:

Nafn	Klúbbur	netfang
Haukur Þ. Sveinbjörnsson	Ós	haukur@olis.is
Ágúst Magnússon	Búrfell	agustma@simnet.is
Jóhann V. Sveinbjörnsson	Búrfell	joivenni@simnet.is
Guðjón Jónsson	Búrfell	
Jón Helgasson	Búrfell	
Árni Baldur Ólafsson	Ölver	arnibaldur@gmail.com
Stefán Jónsson	Ölver	stefan@olfus.is
Guðjón Magnússon	Eldfell	gudjon@selecta.is
Baldvin Elíasson	Eldfell	baldvin.eliasson@gmail.com
Óskar Arason	Eldfell	oskar@lysi.is
Ragnar Ragnasson	Helgafell	ragnarv@simnet.is
Andres Þ. Sigurðsson	Helgafell	addisteini@vestmanneyjar.is
Birgir Sveinsson	Helgafell	bs@skeljungur.is
Dröfn Sveinsdóttir	Sólborg	drofnsveins@gmail.com
Geir Þorsteinsson	Ós	geirtho@simnet.is
Stefán B. Jónsson	Ós	stefan@martolvan.is

Meðfylgjandi eru skýrslur allra klúbba og svæðisstjóra